

Framboð til Kirkjubings 2022

Ágætu kjörfulltrúar.

Ég heiti Ásbjörn Björnsson og er framkvæmdastjóri Fossvogsprestakalls. Fæddur 30.3.1953. Vegna áhuga míns á málefnum þjóðkirkjunnar og reynslu sem ég tel að komi að gagni og einnig vegna hvatninga frá samstarfsfólki mínu í Fossvogsprestakalli og fleirum, hef ég ákveðið að bjóða mig fram til Kirkjubings.

Ég hef verið þeirrar gæfu aðnjótandi að margsinnis hefur verið leitað til mín og ég beðin að taka að mér störf. Það á bæði við um atvinnu og félagsstörf og störf fyrir kirkjuna, sem ég hef sinnt af áhuga.

Ég sækist eftir að láta gott af mér leiða og gera gagn. Get í raun og veru ekki hugsað mér að taka að mér starf til neins annars. Ég leitast ávallt við að hugsa út fyrir boxið. Að vera þjónandi leiðtogi er það sem hugnast mér best. Markmið mitt er finna kirkjunni leið til að bera sig fjárhagslega og molar eru líka brauð.

Grunnurinn að áhuga mínum tengdum kirkjunni, er sá að ég hlaut kristilegt uppeldi af foreldrum mínum Ástu Huldu Guðjónsdóttur og Birni Guðmundssyni sem bæði eru látin. Afi minn var meðhjálpari í kirkju og talsvert var farið í kirkju. Ég fór í Vatnaskóg þar sem ég naut mín vel. Þá var sáð fræjum sem hafa náð að blómstra. Bæði við ferminguna sem var mér mjög mikilvæg og síðar þegar við hjónin fórum á Lútherska hjónahelgi. Við heilluðumst af þeirri kristilegu snertingu sem við urðum fyrir þar og höfum í framhaldi af þeirri upplifun, tekið talsverðan þátt í starfi kirkjunnar og Hjónahelganna í 24 ár.

Við höfum einnig verið virk í starfi Hjónahelganna í Noregi.

Eftir Hjónahelgina fundum við hjónin þörf fyrir að sækja kirkju, þörf sem var þar með endurvakin í lífi okkar.

Við komum síðan upp hjónastarfi í kirkjunni okkar, Digraneskirkju í samráði við sóknarprestinn. Þar sáum við síðan um hjónakvöld nokkrum sinnum á ári í um 3 ár. Markmiðið var að finna skemmtilega og hvetjandi fyrirlesara sem sendu fólkið heim, glatt í sinni, með góðar hugmyndir í farteskinu, þannig að fólk langaði að koma aftur og aftur.

Í framhaldi var óskað eftir að ég gæfi kost á mér í sóknarnefnd Digranessóknar. Þar var ég kosinn og starfaði í 10 ár, lengst af sem varaformaður. Ég var virkur og kom að ýmsum sér verkefnum m.a. kynningarmálum. Var seinna ráðinn í hlutastarf sem kirkjuvörður og starfaði sem slíkur í Digraneskirkju í þrjú ár. Sem var góð reynsla og undirbúningur undir starf mitt í dag.

Árið 2013 var ég beðin að taka að mér fullt starf sem kirkjuhaldari í Bústaðasókn. Mér var sagt að leitað væri til mín vegna reynslu minnar af fyrirtækjarekstri og þekkingu á málefnum kirkjunnar.

Það hefur verið gantast með það að sóknarnefndin í Bústaðasókn hefði verið að spara sér prentun á nafnspjöldum því alnafni minn Ásbjörn Björnsson sem var lengi sóknarnefndarformaður í Bústaðakirkju á uppbyggingar árunum.



Því starfi hef ég sinnt síðan og sé um daglegan rekstur, viðhaldsmál, fjármál, ýmis innkaup, mannhald, áætlangerð og annað utanumhald um reksturinn, en geng líka í starf kirkjuvarðar þegar þess þarf.

Fossvogsprestakall var stofnað 1. júní 2019. Þar sameinast Bústaðaprestakall og Grensásprestakall undir nýju nafni. Í sameinuðu prestakalli eru Bústaðasókn og Grensássókn með sitt hvora sóknarnefndina og aðskilinn rekstur. Aðila vantaði til að sjá um fjármál og rekstur fyrir Grensássókn. Fljótlega var óskað eftir að ég bætti því við verkefni við starf mitt í Bústaðasókn, sem varð niðurstaðan.

Fyrir mig var þetta verkefni ekki bara fyrir Grensássókn, heldur ákveðin áskorun um að ég gæti orðið að liði í frampróun Þjóðkirkjunnar og þeirri sameiningu sem var þarna að hefjast í Fossvogsprestakalli.

Í framhaldi af þessu var ég ráðinn framkvæmdastjóri Fossvogsprestakalls og sinni daglegum rekstri Bústaðakirkju og Grensáskirkju. Mér varð strax ljóst að það þyrfti að samhæfa rekstur og innviði kirknanna sem voru í mjög ólíkri stöðu á flestum sviðum.

Ég byrjaði á að beita mér fyrir samhæfingu tölvukerfa og símkerfa og sameiginlegri dagbókarskráningu, lagði til að sami bókarari væri ráðinn fyrir báðar kirkjurnar auk þess sem bókhaldskerfi yrði samræmt. Þetta tókst allt og hefur skipt sköpum við að meta reksturinn í heild sinni.

Við samanburð sjást tækifæri til að spara og tekist hefur að koma rekstri í mun betri stöðu.

Einnig höfum við sameinað milli kirkna, unglíngastarf og eldri borgarastarf.

Það er ánægjulegt hvað þessi breyting hefur gengið vel. Allir vinna saman og formenn sóknarnefndanna starfa sem einn maður.

Nú er í smíðum sameiginleg heimasíða sem fer í loftið fljótlega. Við erum byrjuð að vinna í stefnumótun fyrir prestakallið. Báðar sóknarnefndirnar ásamt starfsfólki koma að málum. Verkefnið er leitt áfram af sérfræðingi í stefnumótun. Þetta mun væntanlega leiða til þess að fólk kynnist betur milli kirknanna tveggja.

Ég hef velt mikið fyrir mér hvað er hægt að gera í því að stöðugt er sótt að kirkjunni og ríkið hefur ekki skilað nema hluta af þeim sóknargjöldum sem það tók að sér að innheimta fyrir sóknirnar. Þetta er ástand sem verður ekki við unað og von mín er að ég geti lagt mitt af mörkum til að þessi mál færast til betri vegar.

En það eru líka jákvæðar breytingar í gangi. Liður í þeim breytingum sem eru nú að ganga yfir er sá nýi tekjustofn sem sóknir kirkjunnar munu byggja á til framtíðar. Sá nýi tekjustofn byggir á því að sóknir kirkjunnar geta nú skráð sig á „almannaheillaskrá“ Skattsins. Ef einstaklingar og fyrirtæki leggja sóknnum kirkjunnar til fjármagn á grundvelli nýrra laga um almannaheillaskrá er nú mögulegt fyrir einstaklinga og fyrirtæki að fá það fjármagn dregið frá tekjuskattsstofni næsta árs. Þannig er hið opinbera að færa einstaklingum og fyrirtækjum í té nýjan möguleika til að ráðstafa fjármagni úr sameiginlegum sjóðum samfélagsins, til hinnar mikilvægu kirkjulegu starfsemi.

Ég tel að þessi reynsla sem ég hef nú sagt ykkur frá muni nýtast mér vel til að verða að liði í frampróun Þjóðkirkjunnar þó að ég geri mér fulla grein fyrir að það verður engin bylting gerð á þessum vettvangi. En þekking mín á Þjóðkirkjunni og innviðum hennar ásamt reynslu minni gæti skipt talsverðu máli varðandi framtíðarpróun.

Fjölskylduhagir.

Ég er giftur Kristínu Guðnadóttur leikskólakennara og við eigum tvo syni og fimm barnabörn. Þrjú eru nú þegar fermd og öll í kirkju, sem gladdi okkur mikið.

Reynsla sem kemur að gagni

Rak eigið fyrirtæki í 23 ár.

Við hjónin höfum einnig gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir Hjónahelgarnar, m.a. verið fyrirlesarar, sinnt kynningarmálum og verið í forsvari.

Í reynslubankanum hef ég einnig fjölþætta reynslu úr Lionshreyfingunni, skipulagsstjóri Lionsþinga, og fjármálastjóri Flugmálafélags Íslands.

Áhugamál

Hef alltaf verið mikil flugáhugamaður og fylgist vel með á því sviði. Er með einkaflugpróf og töluverða flugreynslu. Hjólreiðar og gönguferðir hafa verið mín uppáhalds líkamsrækt.

Lífið, mennskan og mannleg samskipti.

Menntun

Nám frá Verslunarskóla Íslands í hagnýtum verslunar og skrifstofugreinum. Námskeið í hagfræði frá sama skóla.

Námskeið í markaðsfræðum og auglýsingagerð.

Tæknimenntun á sviði fataframleiðslu frá Noregi, Svíþjóð og Danmörku.

Nám í Verkefnastjórnun og Leiðtogaþjálfun EHI.

Menntaður Markþjálfari.

Nám í sálusorgun og áfallahjálpi EHI.

Kópavogi í maí 2022.

Ásbjörn Björnsson.